



## DHL EXPRESS SKILMÁLAR FLUTNINGA (Flutningsskilmálar) ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Þegar þú nýtir þér þjónustu DHL ert þú, sem sendandi, að samþykkja fyrir þína hönd og hönd allra sem að sendingunni koma að þessir flutningsskilmálar eigi við.

Með sendingu er átt við öll skjöl og pakka sem flytjast á farmbréfi sem má senda með hvaða flutningsmáta sem DHL telur hentugastan, hvort heldur sem er með flugi, akstri eða öðrum leiðum. Merking eða skjal úr kerfum DHL eða sendanda, rafrænt eða ekki, farmbréf, strikamerki eða afhendingareyðublað skal teljast sem „farmbréf“ og falla undir skilmála þessa. Hver sending er send undir takmarkaðri ábyrgð þeirri sem tilgreind er í þessum skilmálum. Sé þörf á frekari ábyrgð mælum við með að keypt sé trygging en hana má fá gegn aukagjaldi (sjá neðar). „DHL“ á við um alla hlutaðeigandi aðila í DHL Express keðjunni.

### 1. Tollafrgreiðsla

DHL áskilur sér rétt til þess að framkvæma eftirfarandi fyrir hönd sendanda til þess að uppfylla þjónustukröfur hans: (1) Fullklára öll skjöl, breyta vöru- eða tollmerkingum og greiða hver þau gjöld og skatta sem viðeigandi lög gætu krafist, (2) Starfa sem miðlari sendanda gagnvart tolli og útflutningseftirliti og sem miðlari innflutnings í þeim skilningi að annast skráningu og tollafrgreiðslu og (3) að beina sendingum viðtakanda til viðeigandi innflutningsmiðlara eða þess aðila sem óskað er eftir af hverjum þeim aðila sem DHL telur hafa leyfi til þess að fara fram á slíkt.

### 2. Óásættanlegar sendingar

Sendandi samþykkir að sending sé ásættanleg til flutnings en muni teljast óásættanleg ef:

- engin tollskýrsla er gerð þegar þess er krafist í viðeigandi tollalögum,
- þær innihalda falsaðan varning, lifandi dýr, gullstangir, reiðufé, innsigli, víxla og skuldabréf, góðmálma og eðalsteina, skotvopn og önnur vopn ásamt eftirlíkingum og hlutar til þeirra, sprengiefni og skotfæri, líkamsleifar manna, klámfengið efni og/eða ólögleg fíkniefni/lyf.
- innihald þeirra flokkast sem eitrefni, hættulegur varningur, bannvörur, vörur á bannlista IATA (International Air Transport Association), ICAO (International Civil Aviation Organisation), ADR (European Road Transport Regulation on dangerous goods) og/eða hvaða viðeigandi embættis ríkisstjórnar eða annarra viðkomandi stofnana.
- merking, umbúðir og/eða pökkun sendingar er ófullnægjandi og kemur í veg fyrir fljótan öruggan flutning,
- þær innihalda hverja þá hluti sem DHL telur að ekki megi flytja örugglega eða löglega.

### 3. Mögulegar og ómögulegar afhendingar

Ekki er mögulegt að afhenda sendingar í póstkassa eða póstnúmer. Allar sendingar eru afhentar á það heimilisfang sem sendandi gefur upp (í þeim tilfellum sem um áframsendingu er að ræða telst afhending vera framkvæmd við afhendingu til fyrsta áframsendingaraðila) en ekki endilega til þess viðtakanda sem persónulega er skráður á farmbréfið. Ef sendingar eru stílaðar á heimilisfang með móttöku verða sendingar afhentar í móttöku.

DHL mun í einhverjum tilfellum láta móttakanda vita um að afhending sé væntanlega eða hún hafi ekki farið fram. Móttakandi gæti fengið boð um aðra hentugri afhendingarmáta eins og afhendingu á öðrum degi, afhendingu án undirskriftar fyrir móttöku eða móttöku á þjónustustöð DHL. Sendandi getur farið fram á að útiloka ákveðna afhendingarmáta við bókun sendingar.



Sé sending talin óásættanleg samkvæmt 2. grein, eða að sending hefur verið ranglega verðlögð til að komast hjá tollagjöldum, eða að viðtakandi finnst ekki, neitar móttöku eða neitar að greiða fyrir afhendingu, mun DHL, eftir fremsta megni, reyna að skila sendingu til sendanda á hans kostnað að því marki sem eðlilegt getur talist.

Ef það tekst ekki áskilur DHL sér rétt til að losa sendinguna, farga henni eða selja hana án þess að vera ábyrgt gagnvart sendanda eða öðrum tengdum aðilum. Í því tilfalli mun söluágóði ganga upp í þjónustukostnað og önnur tengd gjöld og allur ágóði umfram kostnað skilast til sendanda. DHL hefur allan rétt til þess að farga sendingum ef lög og reglur koma í veg fyrir að þeim sé skilað til sendanda og eins öllum hættulegum varningi.

#### 4. Skoðun

DHL áskilur sér rétt til að opna sendingar og skoða innihald þeirra án fyrirvara af öryggis-, tolla- eða öðrum ástæðum.

#### 5. Sendingarkostnaður

Sendingarkostnaður DHL er reiknaður út ýmist eftir raunþyngd sendingar eða rúmmálsþyngd, hvorri sem hærrí reynist. DHL áskilur sér rétt til að endurvigta og endurmæla allar sendingar til þess að staðfesta þennan útreikning.

Sendandi, eða móttakandi, hvor sem greiðir fyrir flutning, skal greiða eða bæta DHL allan sendingarkostnað, aukagjöld, álagða tolla og skatta sem koma til skuldar vegna þjónustu DHL eða sem falla á DHL fyrir hönd sendanda, viðtakanda eða hvaða þriðja aðila sem málinu tengist. Tollagjöld kunna að vera innheimt áður en afhending á sér stað.

Ef DHL notar sína eigin tollkrít fyrir hönd móttakanda áskilur DHL sér rétt til að rukka sérstaklega fyrir þá þjónustu.

#### 6. Ábyrgð DHL

6.1 Ábyrgð DHL vegna sendinga með flugi (ásamt akstri eða öðrum nauðsynlegum flutningsmátum) er takmörkuð í samræmi við Montreal eða Varsjá sáttmálann þegar við á. Þegar hvorugur sáttmálinn á við, takmarkast ábyrgð DHL við þá upphæð sem er lægri af eftirtöldu (i) núverandi markaðsverðmæti eða verðmæti vöru sem gefið er upp til tolls, eða (ii) US \$26/kg fyrir sendingar sem fluttar eru með flugi eða öðrum flutningsmátum.

Telji sendandi ofangreind takmörk ófullnægjandi þarf hann að framvísa verðmæti sendingar sérstaklega og tryggja sendinguna á þann hátt sem fram kemur í 8. grein eða gera aðrar ráðstafanir vegna tryggingamála.

Ábyrgð DHL takmarkast eingöngu af beinu tapi eða tjóni á sendingu og hámarki per kíló eins og fram kemur hér í þessari 6. grein. Aðrar birtingarmyndir taps eða tjóns eru undanskyldar (þar með talið afleitt tjón eins og tekjutap, hagnaðartap, vaxtarskerðing eða tap frekari viðskipta án þess þó að takmarkast við það). Þetta á við hvort sem slíkt tap eða tjón sé sértækt eða óbeint og jafnvel þótt áhættan af slíku tapi/tjóni hafi verið eða hafi átt að vera DHL augljós, hvort heldur sem var fyrir eða eftir viðtöku sendingar.

6.2 DHL leggur sig fram við að afhenda sendingu í samræmi við áætlaðan afhendingartíma. Áætlaður afhendingartími er eingöngu til viðmiðunar og er á engan hátt bindandi fyrir DHL og er ekki hluti samnings. DHL er ekki ábyrgt fyrir hvers kyns tapi eða tjóni sem kann að verða vegna seinkunar á afhendingu en fyrir ákveðnar sendingar kann sendandi að eiga rétt á takmörkuðum bótum vegna seinkunar sem fellur undir skilmála endurgreiðsluábyrgðar.



## 7. Kröfur

Allar kröfur verður að leggja fram skriflega til DHL innan þrjátíu (30) daga frá þeirri dagsetningu sem DHL tók við sendingunni. Að öðrum kosti fellur bótaskylda DHL niður. Einungis má leggja fram eina kröfu fyrir hverja sendingu og munu bætur vegna þeirrar kröfu vera fullnaðarbætur vegna heildar taps eða tjóns sem tengjast þeirri sendingu.

## 8. Trygging sendinga

DHL getur útvegað sendanda tryggingu sem nær yfir raunverulegt verðmæti sendingar ef til taps eða tjóns kæmi, að því gefnu að sendandi fylli út tryggingardákkinn á DHL farmbréfinu eða fari fram á tryggingu í gegnum sjálfvirk kerfi DHL og greiði viðeigandi tryggingargjald. Trygging sendinga nær ekki yfir óbeint tap eða tjón, né tap eða tjón vegna tafa í flutningsferlinu.

## 9. Aðstæður sem DHL ræður ekki við

DHL er ekki ábyrgt eða bótaskyldt vegna tafa og/eða tjóns sem til kemur vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Þetta á meðal annars við um, án þess að takmarkast við, tjón vegna raf- eða segulmagnsskaða sem veldur skemmdum eða eyðingu rafrænna gagna, ljósmynda eða upptaka, galla eða bilanir tengdar eðli sendingar, jafnvel þó DHL hafi verið eða átt að vera kunnugt um það. Óviðráðanlegar aðstæður eiga einnig við um ákvarðanir, gjörðir eða vanrækslu aðila sem ekki vinna hjá eða fyrir DHL, eins og til dæmis sendanda, viðtakanda, þriðji aðila, starfsmenn tolls eða annars embættis ríkisstjórnar. Aðrar óviðráðanlegar aðstæður sem DHL er ekki ábyrgt fyrir er „Force majeure“ en undir það fellur til dæmis jarðskjálfti, eldgos, hvirfilvindur, óveður, flóð, þoka, stríð, flugslys, viðskiptabann eða hindranir, uppbót eða borgaraóeirðir og hvers kyns verkalýðsaðgerðir.

## 10. Ábyrgð sendanda og skaðabætur

Sendandi skal vera ábyrgur í stað DHL á öllum skaða og töfum sem kunna að hljóta af vanrækslu sendanda á því að fylgja viðeigandi lögum og reglugerðum og einnig vegna vanefnda sendanda á eftirfarandi skyldum:

- allar upplýsingar frá sendanda eða aðilum honum tengdum eru fullnægjandi og nákvæmar,
- sending er ásættanleg til flutnings með tilliti til 2. greinar hér að framanverðu,
- sending var undirbúin og var pakkað á öruggum stað, af áreiðanlegum starfsmönnum sendanda og komið var í veg fyrir óleyfileg afskipti óviðkomandi aðila við undirbúning, pökkun, geymslu og flutning þar til DHL tók við sendingunni.
- farið hefur verið eftir tollalögum, inn- og útflutningsreglum, lögum um gagnavernd ásamt því að viðskiptaþvingunum og bönnum hefur verið fylgt ef við á.
- sending er vandlega merkt og stíluð á rétt heimilisfang ásamt helstu upplýsingum um móttakanda eins og tölvupóstfangi og farsímanúmeri til fyrir flutning, tollafgreiðslu og afhendingu.

## 11. Sendingaferill

Sendandi samþykkir allar flutningsleiðir ásamt þeim möguleika að sending gæti verið flutt í gegnum aðrar flutningshafnir en upphaflega áætlað á leið á áfangastað.

## 12. Ríkjandi lög

Allar deilur sem kunna að koma upp varðandi eða tengdar skilmálum þessum skulu, í hag DHL, heyra undir lögsögu og lúta lögum upprunalands sendingar (þess lands sem sendingin fer frá) og samþykkir sendandi að lúta þeirri lögsögu, nema í þeim tilfellum sem það stangast á við gildandi lög.



### **13. Sjálfstæði einstakra greina**

Ef einstaka greinar þessa samnings reynast ógildar eða óframkvæmanlegar skal það ekki hafa áhrif á aðrar greinar þessara skilmála.

**Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu DHL ([www.dhl.is](http://www.dhl.is)) eða hjá þjónustudeild DHL.**